

Ár 2023, fimmtudaginn 16. febrúar, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, formaður, Fura Sóley Hjálmarsdóttir, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Magnús Fannar Sigurhansson.

Fyrir er tekið **mál nr. 7/2022**:

Málskotsaðili M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 6. október 2022, með kvörtun sóknaraðila, dags. sama dag. Með tölvupósti nefndarinnar 6. október 2022 var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dags. 4. nóvember 2022. Var bréfið sent samdægur til sóknaraðila með tölvupósti nefndarinnar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir sóknaraðila bárust með bréfi dags. 10. nóvember 2022. Bréfið var áframsent til varnaraðila 14. nóvember 2022 til frekari athugasemda, Bárust þær með bréfi varnaraðila dags. 28. nóvember 2022.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 26. janúar og 16. febrúar 2023.

II.

Málsatvik.

Að sögn sóknaraðila áttu málsatvik sér stað í vinnuferð hennar til London sem farin var dagana 4.–9. júní 2022. Sóknaraðili hafi haft meðferðis tvö greiðslukort, annars vegar debetkort útgefið af F2 og hins vegar kreditkort útgefið af varnaraðila. Í ferðinni hafi sóknaraðili aðallega notast við fyrrnefnda kortið en það síðarnefnda, þ.e. kreditkortið frá varnaraðila, eingöngu í eitt skipti, hinn 4. júní 2022. Hafi það jafnframt verið eina skiptið í ferðinni sem sóknaraðili hafi slegið inn PIN-númer kortsins.

Um kl. 15:00 hinn 7. júní 2022 hafi sóknaraðili orðið vör við að kortaveski hennar, sem hafði að geyma kreditkort frá varnaraðila, væri horfið úr tösku hennar. Sóknaraðili hafði samband við neyðarvakt varnaraðila kl. 16:22 til að láta loka kortinu. Þegar kortinu var lokað höfðu fimm færslur verið framkvæmdar með kreditkortinu, sú fyrsta í hraðbanka um kl. 15:07 og þær síðari í versluninni Selfridges frá kl. 15:20–15:27. Færslurnar námu alls 139.156 kr.

Þegar sóknaraðili kom aftur til landsins leitaði hún til lögreglu sem tók af henni skýrslu hinn 5. júlí 2022, en niðurstaða þess máls liggur ekki fyrir.

Hinn 23. ágúst 2022 sendu Neytendasamtökin erindi til varnaraðila vegna málsins þar sem óskað var eftir sjónarmiðum hans. Frá þeim tíma áttu sér stað samskipti í tölvupósti þar til varnaraðili svaraði erindinu formlega hinn 2. september 2022 með

bréfi, dags. 1. september 2022. Þaðan á eftir áttu sér stað tölvupóstsamskipti 12. september 2022. Í kjölfarið var málinu skotið til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess aðallega að viðurkennd verði skylda varnaraðila til endurgreiðslu á fimm óheimilum greiðslum, sem framkvæmdar voru hinn 7. júní 2022, sbr. 1. mgr. 79. gr. laga um greiðsluþjónustu nr. 114/2021, sbr. og 1. mgr. 80. gr. sömu laga. Til vara krefst sóknaraðili þess að ábyrgð á umræddum færslum verði metin út frá kringumstæðum á grundvelli 4. mgr. 80. gr. laga um greiðsluþjónustu.

Aðalkröfu sinni til stuðnings vísar sóknaraðili til þess að það eitt, að hinn óprúttni aðili hafi getað slegið rétt PIN númer inn í tíu skipti án þess að rangt númer kæmi upp, þýði ekki sjálfkrafa að sóknaraðili hafi sýnt af sér stórfellt gáleysi í skilningi 3. mgr. 78. gr. laga um greiðsluþjónustu. Meira þurfi að koma til og beri varnaraðili alla sönnunarbyrði fyrir því. Að mati sóknaraðila megi finna ýmsar áhugaverðar greinar á internetinu um hvernig óprúttnir aðilar geti með margvíslegum hætti komist yfir PIN númer korta. Því sé harðlega mótmælt að sóknaraðili hafi geymt upplýsingar um PIN númerið hjá kortinu, svo sem varnaraðili ýi að, enda hafi varnaraðili engin sönnunargögn lagt fram sem renni stoðum undir þá tilgátu. Sóknaraðili fullyrði jafnframt að hún hafi hvergi geymt upplýsingar um PIN númer kortsins nema í sinni eigin vitund. Varnaraðili hafi samkvæmt ofangreindu ekki axlað sönnunarbyrði sína samkvæmt 3. mgr. 78. gr. laga um greiðsluþjónustu.

Verði háttsemi sóknaraðila metin stórfellt gáleysi sé á því byggt til vara að 4. mgr. 80. gr. laga um greiðsluþjónustu eigi við en þar sé gerður áskilnaður um að háttsemi sóknaraðila hafi verið svíksamleg eða hún af ásetningi látið ógert að uppfylla skyldur sínar um að gera nauðsynlegar varúðarráðstafanir til að tryggja öryggi persónubundinna öryggisskilríkja greiðslumiðilsins, sbr. 2. mgr. 75. gr. laganna. Af þeim sökum eigi að fara fram heildarmat á aðstæðum við ákvörðun á því að hvaða marki sóknaraðili beri ábyrgð á hinum óheimilu greiðslum.

Í viðbótarathugasemdum sínum ítrekar sóknaraðili gerðar kröfur og vísar til þess að greinargerð varnaraðila feli í sér einföldun á atburðarrásinni, þ.e. að eina leiðin fyrir óprúttinn aðila til að komast yfir PIN númer korts sé sú að notandi hafi annað hvort geymt það með eða hjá greiðslukorti sínu eða sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við innslátt. Sóknaraðili tekur fram að ef mál af þessum toga væru svo einföld sé óhætt að fullyrða að brot af þessum toga væru mun fátíðari. Líkt og komið hafi verið inn á í upphaflegri kvörtun megi finna ógrynni af greinum, fréttum og öðru efni við einfalda leit á internetinu sem varðar þjófnáð af þeim toga sem hér um ræði og hvaða aðferðum þjófar helst beiti til að komast yfir upplýsingar. Alls kyns tæknilegar aðferðir séu þar nefndar til sögunnar, smámyndavélar, hitaskynjarar, tölvubrot og jafnvel farið yfir að í sumum tilfellum virðist starfsfólk verslana þar sem PIN númer sé slegið inn eiga hlut að máli. Það virðist því vera til aðferðir við að komast yfir PIN númer korta sem jafnvel þeir allra varkárustu gætu ekki komið í veg fyrir. Hvaða aðferð sé notuð í þessu tilfelli til að verða sér út um upplýsingarnar liggi ekki fyrir en líkt og báðir málsaðilar hafi gert í málinu, sé þó hægt að geta sér til um hana.

Í dæmaskyni nefnir sóknaraðili frétt á heimasíðu RÚV frá árinu 2017, þar sem segi að þjófar hafi fylgst með fólki borga fyrir drykki og sjái þegar það slái inn PIN númerið. Síðan sé kortinu stolið. Þjófarnir fari svo í hraðbanka og taki út reiðufé en eftir standi eigandi kortsins í vondum málum. Í annarri frétt af heimasíðu MBL.is frá árinu

2018 sé jafnframt fjallað um aðvörun lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, vegna óprúttinna aðila sem stolið hafi greiðslukortum eftir að hafa komist yfir PIN númer þeirra.

Eins og mál þetta horfi við sóknaraðila sé ljóst að hinn óprúttni aðili hafi stolið korti hennar og komist yfir PIN númer þess. Hvaða aðferðum sá aðili beitti í því sambandi sé algjörlega á huldu en telji sóknaraðili sig hafa gætt fyllstu varkárni. Hún telji sig vera fórnarlamb glæps og finnst hæpið að sú staðreynd verði sjálfkrafa heimfærð yfir á stórkostlegt gáleysi eða jafnvel ásetning af hennar hálfu.

Sóknaraðili bendir síðan á að þær kröfur sem varnaraðili virðist gera korthöfum sínum eigi enga stoð í raunveruleikanum. Í dæmaskyni nefnir hún að korthafi sem óski eftir því að fá að fara afsíðis með greiðsluposa, fjarri allra augum til að uppfylla allar varkárniskröfur, gæti engu að síður sýnt af sér stórfellt gáleysi samkvæmt skilmálum bankans ef óprúttinn aðili myndi notast við tæknilegar aðferðir til að verða sér út um PIN númer kortsins.

Að mati sóknaraðila eru þær kröfur sem almennir skilmálar varnaraðila gera til korthafa ekki eingöngu miklar heldur virðist sem hvers kyns „brot“ á þeim sé sjálfkrafa heimfært undir stórfellt gáleysi, sem sé ekki í samræmi við kröfur 1. mgr. 75. gr. laga um greiðsluþjónustu um að skilmálar greiðsluþjónustuveitanda skuli vera hlutlægir og gæta meðalhófs. Í 2. mgr. 75. gr. sé svo vikið að skyldum notanda sem varði persónulega öryggisþætti og komi fram í lögskýringargögnum að með „nauðsynlegum ráðstöfunum“ sé átt við aðgerðir sem réttmætt sé að krefjast af honum.

Í lagaskýringum EBA á PSD2 megi finna umfjöllun um muninn á almennu gáleysi annars vegar og stórfelldu gáleysi hins vegar. Segi þar að til að háttsemi geti talist stórfellt gáleysi þurfi meira að koma til en almennt gáleysi og sé t.a.m. í dæmaskyni nefnd sú háttsemi að geyma PIN númer með greiðslukorti. Sé þar jafnframt nefnt að skilmálar sem séu til þess fallnir að færa sönnunarbyrðina í þeim efnum yfir á notanda eigi að vera álitnir ógildir (e. null and void).

Með vísan til framangreinds geti það því varla talist réttmætt og í samræmi við meðalhóf að heimfæra atvik sviðsmyndarinnar undir stórfellt gáleysi.

Margt sé óljóst í þessu máli, s.s. hvernig óprúttni aðilinn hafi komist yfir PIN númer kortsins. Í því sambandi geti aðilar vissulega getið sér til um líklegar skýringar í þeim efnum. Í grunninn verði því að horfa til þeirra reglna sem eigi við í þessu sambandi, þ.e. hvar sönnunarbyrðin liggi í málum af þessum toga og hverjum beri að túlka vafann í vil.

Í því sambandi sé vert að ítreka það sem áður hafi komið fram og fjallað er um í frumvarpi til laga um greiðsluþjónustu og lúti að óheimilum greiðslum. Þar segi um 3. mgr. 78. gr. að sú staðreynd ein og sér að greiðslumiðill hafi verið notaður, teljist ekki fullnægjandi sönnun þess að notandi hafi heimilað greiðslu eða af ásetningi eða stórfelldu gáleysi látið ógert að uppfylla skyldur sínar. Við mat á þætti sóknaraðila beri því að líta til annarra atvika og þar með sýna fram á að þeir hafi falið í sér stórfellt gáleysi af hennar hálfu. Að svo stöddu hafi ekkert komið fram í málinu sem sýni fram á það að sóknaraðili hafi sýnt af sér stórfellt gáleysi annað en getgátur varnaraðila sem seint geti talist fullnægjandi sönnun þar á.

Að endingu vill sóknaraðili áréttta að hún hafi ekki geymt upplýsingar um PIN númer hjá kortinu, enda hafi hún átt það um árabíl. Við innslátt í verslun hinn 4. júní 2022 telji hún sig hafa notað kortið með almennum hætti og þar með ekki sýnt af sér sérstakt gáleysi í þeim efnum, hvað þá stórfellt gáleysi eða ásetning. Hún hafi verið fórnarlamb glæps sem jafnvel þeir allra grandvörustu geti ekki í öllum tilfellum komið sér undan.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Því til stuðnings vísar varnaraðili til þess að varnaraðili hafi fengið það staðfest hjá greiðslukortþjónustuaðila að aldrei hafi verið slegið inn rangt PIN númer við notkun kortsins. Framvísun korts á afgreiðslustað og staðfesting greiðslu með PIN númeri teljist vera sterk sannvottun greiðslu í skilningi laga um greiðsluþjónustu. Greiðslufyrirmælin beri þar af leiðandi ekki annað með sér en að sóknaraðili hafi sjálf heimilað greiðslurnar. Ef atvik málsins séu með þeim hætti sem sóknaraðili lýsi þá bendi það til þess að óviðkomandi aðili hafi komist yfir kortið auk PIN númer kortsins. Fram komi á færslufirliti kortsins að fimm færslum hafi verið synjað, tveimur þeirra hafi verið synjað þegar úttekt úr hraðbanka var reynd innan þriggja klukkustunda frá fyrri úttekt og þremur færslum hafi verið synjað vegna þess að farið hafi verið yfir úttektarmörk.

Varnaraðili vísar til þess að hann hafi fullnægt skilyrðum 1. mgr. 78. gr. laga um greiðsluþjónustu og að greiðslukortþjónustuaðili hafi staðfest það. Þá komi fram í tölvupósti umboðsmanns sóknaraðila til varnaraðila að ekki sé dregið í efa að greiðslurnar hafi verið staðfestar með PIN númeri.

Þá leiði það af 3. mgr. 78. gr. laga um greiðsluþjónustu, sbr. 75. gr., að við mat á þætti notenda greiðsluþjónustu við framkvæmd greiðslu hverju sinni skuli litið til annarra atvika.

Við móttöku og notkun kreditkortsins hafi sóknaraðili undirgengist þá skilmála og reglur sem gilda um notkun kreditkorta útgefnum af varnaraðila. Á þeim tíma sem færslurnar áttu sér stað hafi verið í gildi almennir viðskiptaskilmálar varnaraðila. Af köflum 5.3. og 5.4. skilmálanna leiði að innsláttur PIN númers sé ein af auðkenningarleiðum og að korthafar séu ábyrgðir fyrir varðveislu kortsins, PIN númers og annarra persónubundinna öryggisþátta til að koma í veg fyrir misnotkun þriðja aðila. Hafi korthafi ekki varðveitt ofangreint til samræmis við skilmálana sé hann ábyrgur fyrir öllum greiðslum sem framkvæmdar séu með kortinu.

Sé sannvottun talin sönnuð, eins og í þessu máli, en korthafi neiti því að hafa heimilað greiðslu vakni sú spurning hvort þriðji aðili hafi haft aðgang að kortinu og getað auðkennt sig og staðfest greiðslufyrirmælin fyrir hönd eða í nafni sóknaraðila. Varnaraðila finnist skýringar sóknaraðila ótrúverðugar og byggi á því að líklegra sé að PIN númerið hafi af ásetningu verið geymt með kortinu enda liggi fyrir að PIN númerið hafi verið slegið inn í öll tíu skiptin sem kortið var notað en rangt PIN númer hafi aldrei verið slegið inn og því sé ljóst að sóknaraðili hafi ekki gætt að persónulegum öryggisþáttum sínum. Með því að geyma upplýsingar um PIN númer með kortinu hafi sóknaraðila mátt vera ljóst að ekki væri hægt að koma í veg fyrir misnotkun á kortinu. Ef hins vegar verði litið svo á að þjófurinn hafi séð sóknaraðila slá inn PIN þann 4. júní og hafi getað notað upplýsingarnar þremur dögum seinna þegar þjófurinn hafi stolið kortaveski sóknaraðila sé ljóst að sóknaraðili, á sama hátt, hafi ekki gætt að persónubundnum öryggisþáttum sínum með þeim hætti að enginn sjái þegar PIN númer sé slegið inn. Sú háttsemi feli í sér stórfellt gáleysi samkvæmt kafla 5.4. í Almennum viðskiptaskilmálum varnaraðila. Því sé ljóst að sóknaraðili hafi ekki farið eftir ákvæðum 75. gr. laga um greiðsluþjónustu og kafla 5.4. í Almennum viðskiptaskilmálum varnaraðila.

Varnaraðili byggir á því að sóknaraðili skuli bera allt tjón af misnotkun kortsins, enda hafi hún látið ógert að uppfylla eina eða fleiri af skyldum sínum samkvæmt 75. gr. laga um greiðsluþjónustu, sbr. 3. mgr. 80. gr. laganna. Samkvæmt 4. mgr. 80. gr.

skuli taka tillit til eðlis persónubundinna öryggisskilríkja greiðslumiðils og aðstæðna þegar greiðslumiðill týndist, honum var stolið eða hann notaður með óréttmætum hætti við ákvörðun um þá fjárhæð sem greiðanda verður gert að bera sjálfur ábyrgð á samkvæmt 1. og 3. mgr. 80. gr. Greiðslumiðillinn sé kreditkort útgefið á plasti með fjögurra stafa PIN númeri til greiðslustaðfestingar. Allt bendi til þess að PIN númerið hafi verið geymt með kortinu í ljósi þess að engin merki séu um að slegið hafi verið inn rangt PIN við notkun kortsins. Fram komi í viðskiptaskilmálum F, sem sóknaraðili hafi undirgengist, að hafi korthafi ekki varðveitt kortið, PIN númer eða aðra persónubundna öryggisþætti sína til samræmis við skilmálana sé hann ábyrgur fyrir öllum greiðslum sem framkvæmdar séu með kortinu. Telji varnaraðili atvik og aðstæður með þeim hætti að sóknaraðili skuli sjálf bera ábyrgð á tjóninu.

Í greinargerð með ákvæðinu segi að gera megi ráð fyrir því að fordæmi úrskurðarnefndar og dómstóla skapist fljótt um framkvæmd ákvæðisins og þyki heppilegt að svigrúm sé til lækkunar sjálfsábyrgðar greiðanda vegna óheimilaðra greiðslan gefi kringumstæður tilefni til. Sambærilegt ákvæði hafi verið í 3. mgr. 56. gr. eldri laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011 en varnaraðila sé ekki kunnugt um neitt fordæmi hjá úrskurðarnefnd eða dómstólum.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur málsaðila lýtur að því hver beri ábyrgð á kortafærslum sem framkvæmdar voru á kreditkorti sóknaraðila 7. júní 2022 að fjárhæð 139.156 kr. Sóknaraðili krefst þess aðallega að viðurkennd verði bótaskylda varnaraðila á þeim færslum, sbr. 1. mgr. 79. gr. og 1. mgr. 80. gr. laga nr. 114/2021 og til vara að ábyrgð verði metin að teknu tilliti til 4. mgr. 80. gr. laga nr. 114/2021.

Um viðskipti sóknaraðila og varnaraðila gilda almennir viðskiptaskilmálar varnaraðila og lög um greiðsluþjónustu nr. 114/2021, sbr. 1. gr. og 1. mgr. 75. gr. laganna.

Samkvæmt 1. mgr. 75. gr. laga nr. 114/2021 skal notandi greiðsluþjónustu, sem á rétt á að nota greiðslumiðil, nota greiðslumiðilinn í samræmi við skilmála um útgáfu og notkun hans og skulu skilmálarnir vera hlutlægir, án mismununar og gæta meðalhófs. Í 2. mgr. sömu greinar segir, að við viðtöku greiðslumiðils beri notanda að gera nauðsynlegar varúðarráðstafanir til að tryggja öryggi persónubundinna öryggisskilríkja greiðslumiðilsins.

Í 1. mgr. 79. gr. laga nr. 114/2021 er að finna þá meginreglu að ef notandi greiðsluþjónustu heldur því fram að greiðsla sé óheimil skuli greiðsluþjónustuveitandi greiðanda, að uppfylltum skilyrðum 77. gr., endurgreiða greiðanda þegar í stað fjárhæð óheimiluðu greiðslunnar og eigi síðar en við lok næsta virka dags frá því að hann uppgötvaði hana eða var tilkynnt um hana.

Hins vegar er undantekning frá framangreindri meginreglu í 80. gr. laga nr. 114/2021 að greiðandi skuli bera tap vegna óheimilaðra greiðslna sem nema allt að jafnvirði 50 evra í íslenskum krónum miðað við opinber viðmiðunargengi (miðgengi) eins og það er skráð hverju sinni þegar tapið má rekja til notkunar á týndum eða stolnum greiðslumiðli eða það stafar af óréttmætri notkun greiðslumiðils. Enn fremur segir í 3. mgr. sömu greinar að greiðandi skuli bera allt tjón sem rekja megi til óheimilaðra greiðslna ef hann hefur stofnað til þeirra með sviksamlegum hætti eða látið ógert að uppfylla eina eða fleiri af skyldum sínum samkvæmt 75. gr. af ásetningi eða af stórfelldu gáleysi. Í 2. mgr. þeirrar greinar er kveðið á um að við viðtöku greiðslumiðils beri notanda að gera nauðsynlegar varúðarráðstafanir til að tryggja öryggi

persónubundinna öryggisskilríkja greiðslumiðilsins. Þá segir í 3. mgr. greinarinnar að notandi skuli tilkynna án óþarfa tafar um það verði hann var við tap, þjófnað eða misnotkun á greiðslumiðli eða óheimila notkun hans. Fyrir liggur að sóknaraðili uppfyllti kröfur 3. mgr. en eftir stendur 2. mgr. Samkvæmt kafla 5.4 í þágildandi almennum viðskiptaskilmálum varnaraðila er sóknaraðila óheimilt að geyma PIN eða önnur persónubundin öryggisskilríki með kortinu, í veski sínu, í farsíma, á netinu eða með öðrum rafrænum búnaði eða með öðrum hætti sem kann að vera aðgengilegur þriðja aðila.

Samkvæmt málgögnum var kort sóknaraðila aðeins einu sinni notað í vinnuferð hennar til London, hinn 4. júní 2022, áður en því var stolið þremur dögum síðar, hinn 7. júní 2022. Við sönnunarmat verður að líta til þess að óraunhæft er að ætla að óprúttinn aðili hafi komist yfir upplýsingar um PIN númerið að kortinu í þetta eina skipti sem það var notað og svo beðið með að stela kortinu í þrjá daga á allt öðrum stað í stórborg. Þá ber að líta til þess að hinn óprúttni aðili sló inn PIN númer að kortinu tíu sinnum og rétt númer í hvert skipti. Erfitt er að draga aðra ályktun en þá að sóknaraðili hafi farið óvarlega með PIN númerið með þeim afleiðingum að það hafi komist í hendur óprúttna aðilans, t.d. með því að geyma það hjá kortinu. Að mati nefndarinnar er slík háttsemi stórkostlegt gáleysi hvort sem litið er til almennra viðskiptaskilmála varnaraðila eða ekki, enda má til þess líta að í skýringum um 75. gr. með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 114/2021 kemur skýrlega fram að með því að tryggja öryggi persónubundinna öryggisskilríkja greiðslumiðils síns, t.d. PIN-númers á greiðslukortum, sé átt við að tryggja að þau komist ekki í hendur annarra aðila.

Að teknu tilliti til alls framangreinds telur nefndin að tjón sóknaraðila megi rekja til þess að hún hafi látið ógert að uppfylla skyldur sínar samkvæmt 2. mgr. 75. gr. laga nr. 114/2021, þ.e. að gera nauðsynlegar varúðarráðstafanir til að tryggja öryggi persónubundinna öryggisskilríkja greiðslumiðils, af stórfelldu gáleysi, sbr. 3. mgr. 80. gr. sömu laga. Aðalkröfu sóknaraðila á hendur varnaraðila er því hafnað. Með sömu rökum er komist að sömu niðurstöðu hvað varakröfu sóknaraðila varðar.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila M, gagnvart varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 16. febrúar 2023.

Auður Inga Ingvarsdóttir

Fura Sóley Hjálmarsdóttir
Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir
Magnús Fannar Sigurhansson